



Árshlutaskýrsla
Fyrsti ársfjórðungur 2007





26. apríl 2007

Afkoma Exista hf. á fyrsta ársfjórðungi 2007

Fjármálaþjónustufyrirtækið Exista birti í dag kannað árschlutauppgjör fyrir fyrstu þrjár mánuði ársins 2007. Í samræmi við yfirlýsingar félagsins sem fram komu í síðustu afkomuskýrslu frá 8. febrúar sl. hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á reikningsskilum Exista frá og með áramótum:

- Kjölfestueignir í fjármálafyrirtækjum, þ.e.a.s. í Sampo Group og Kaupþingi banka, verða hér eftir færðar með hlutdeildaraðferð í reikningum félagsins
- Stjórn Exista hefur ákveðið að nýta heimild til þess að færa reikninga félagsins í evrum frá og með fyrsta ársfjórðungi 2007

Helstu niðurstöður árschlutauppgjörs fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 eru þessar:

- Hagnaður eftir skatta 641 milljón evra (57,2 milljarðar króna)
- Hagnaður á hlut 0,06 evrur (5 krónur)
- Arðsemi eigin fjár 112,8% á ársgrundvelli
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi 467 milljónir evra eftir skatta (41,7 milljarðar króna)
- Hagnaður af rekstrarstarfsemi 174 milljónir evra eftir skatta (15,5 milljarðar króna)
- Heildareignir 6,76 milljarðar evra (593 milljarða króna) í lok mars og jukust um 54% á tímabilinu
- Eigið fé 2,64 milljarðar evra (232 milljarða króna) í lok tímabils og jókst um 39% frá áramótum
- Fjármögnun félagsins á fyrsta ársfjórðungi nam 1,67 milljörðum evra
- Eiginfjárhlutfall var 39,1% hinn 31. mars sl.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður:

„Rekstur Exista var afar traustur á fyrsta ársfjórðungi en uppgjörð í dag markar viss þáttaskil hjá félaginu. Með því að færa hlutdeild í hagnaði Kaupþings og Sampo eykst enn frekar vægi fjármálaþjónustu í tekjum félagsins og tekjugrunnurinn styrkist. Einnig er það rökrétt skref að færa reikninga félagsins í evrum enda starfar Exista á alþjóðlegum markaði. Rekstur samstæðunnar gengur vel og horfur eru almennt jákvæðar hjá tengdum félögum. Áfram verður byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með það að markmiði að tryggja hluthöfum trausta langtímaávöxtun.“

Frekari upplýsingar um reikninga félagsins veitir:

Sigurður Nordal
framkvæmdastjóri samskiptasviðs
sími: 550 8620 (ir@exista.com)

Um Exista

Exista hf. starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum váttrygginga og eignaleigu, meðal annars undir merkjum VÍS, Lífis og Lýsingar. Exista er jafnframt alþjóðlegur fjárfestir og meðal annars kjölfestueigandi í Sampo Group, Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til uppbyggingar á starfsemi sinni hér á landi og erlendis.

Upplýsingar um Exista hf. og uppgjörð er að finna á vefsíðu félagsins www.exista.is.

Um uppgjörið

Árshlutareikningur Exista hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 er útbúinn í samræmi við alþjóðleg reikningsskil (IFRS) og hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins. Tvær meginbreytingar hafa verið gerðar á reikningsskilum Exista frá síðasta uppgjöri:

- Eins og fram kom í síðustu afkomuskýrslu Exista frá 8. febrúar hefur stjórn félagsins ákveðið að breyta reikningsskilaaðferð varðandi eignahluti í langtímaeignum í fjármálafyrirtækjum frá og með fyrsta ársfjórðungi 2007. Hlutdeildaraðferð er nú beitt á kjölfestueignir félagsins í fjármálafyrirtækjum, en allar kjölfestueignir félagsins voru áður metnar á gangvirði. Með því leggur félagið áherslu á fjármálaþjónustu sem kjarnastarfsemi til langs tíma litið. Kjölfestueignir í fyrirtækjum sem ekki eru í fjármálaþjónustu eru áfram metnar á gangvirði.
- Í afkomuskýrslu Exista frá 8. febrúar kom jafnframt fram að félagið sendi inn beiðni til Ársreikningaskrár fyrir 1. nóvember 2006 um heimild til þess að gera upp reikninga félagsins í evrum frá og með fyrsta ársfjórðungi 2007. Sú heimild liggur nú fyrir og hefur stjórn Exista ákveðið að nýta hana.

Rétt er að minna á að hinn 1. júní 2006 bættust tryggingafélagið VÍS og eignaleigufyrirtækið Lýsing inn í reikninga Exista samstæðunnar ásamt öðrum eignum VÍS eignarhaldsfélags hf. Innleiðing þeirrar starfsemi hafði umtalsverð áhrif á tekju- og kostnaðarliði samstæðunnar, sem og á efnahagsreikning.

Af fyrrgreindu er ljóst að félagið og reikningar þess hafa tekið umtalsverðum breytingum og ber að taka tillit til þess í samanburði milli ára og ársfjórðunga.

Í samanburði er notað eftirfarandi gengi EUR/ISK:

- Meðalgengi fyrsta ársfjórðungs 2006: 78,46
- Meðalgengi fyrsta ársfjórðungs 2007: 89,26
- Árslokagengi 31.12.2006: 94,61
- Lokagengi ársfjórðungs 31.03.2007: 87,63

Rekstrarreikningur samstæðu

Arðsemi

Hagnaður Exista fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2007 var 597,5 milljónir evra, en hann var 110,2 milljónir evra á sama tímabili 2006. Hagnaður eftir skatta nam 640,7 milljónum evra, en hagnaðurinn var 106,8 milljónir evra á sama fjórðungi í fyrra.

Hagnaður á hlut var 0,06 evrur. Arðsemi eiginfjár í fjórðungnum er 112,8% á ársgrundvelli.

Tekjur

Heildartekjur samstæðunnar námu 668,0 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi, en þær voru 168,2 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Fjáreignir á gangvirði skiluðu 38,2 milljónum evra gengishagnaði á fyrsta ársfjórðungi en hagnaður af fjáreignum nam 125,0 milljónum evra á sama tíma í fyrra. Lækkun á þessum lið á milli ára skýrist einkum af því að nú er ekki færður gengishagnaður af hlutabréfum í Kaupþingi banka eins og áður, heldur bókfærir félagið í þess stað hlutdeild í hagnaði bankans, eins og fjallað verður um hér á eftir.

Veltufjáreignir skiluðu gengishagnaði að fjárhæð 110,8 milljónir evra á fjórðungnum, en hann var 22,0 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Arðstekjur samkvæmt rekstrarreikningi voru alls 5,0 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi en þær voru 21,0 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. Lækkunin á þessum lið reikningsins skýrist einkum af því að móttækinn arður frá Kaupþingi banka er ekki lengur tekjufærður, en hann nam 26,7 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2007. Arður hlutdeildarfélaga er færður til lækkunar á bókfærðu virði í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur, sem einkum eru tilkomnar vegna eignaleigustarfsemi félagsins, námu alls 18,4 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi. Eignaleigustarfsemi kom fyrst inn í reikninga samstæðunnar í júní 2006 og voru vaxtatekjur því hverfandi á fyrsta fjórðungi í fyrra.

Iðgjaldtekjur tryggingafélaga komu einnig fyrst inn í reikninga samstæðunnar í júní 2006, en alls námu váttrygginga- og líftryggingaiðgjöld 35,2 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2007.

Eins og greint var frá að framan bókfærir Exista nú í reikningum félagsins hlutdeild í hagnaði fjármálafyrirtækjanna Sampo Group og Kaupþings. Hlutdeildartekjur er nýr liður í reikningum félagsins á þessum ársfjórðungi og nemur hlutdeildin 457,0 milljónum evra. Við útreikning á hlutdeild er miðað við spár markaðsaðila á hagnaði viðkomandi fyrirtækja fyrir tímabilið. Frávik raunverulegs hagnaðar frá áætluðum hagnaði kemur svo til tekna eða gjalda í næsta uppgjöri.

Gjöld

Heildargjöld samstæðunnar, þar með taldar tjonabætur, námu alls 43,2 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi. Á sama tímabili í fyrra voru heildargjöld einungis 1,6 milljónir evra, sem endurspeglar þær breytingar sem innleiðing váttrygginga- og eignaleigustarfsemi hefur haft á reikninga félagsins.

Tjóna- og líftryggingabætur námu alls 26,5 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi, en þær voru ekki í reikningum félagsins fyrir sama tímabil í fyrra.

Rekstrarkostnaður var 16,7 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi.

Rekstrarhagnaður, fjármagnsgjöld og skattar

Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 624,8 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi, en hann var 166,6 milljónir evra á sama tímabili 2006.

Vaxtagjöld námu 56,4 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi, en þau námu 17,4 milljónum evra á sama tímabili í fyrra.

Gengismunur og verðbætur voru jákvæð um 29,0 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi en voru neikvæðar um 39,1 milljón evra á sama tíma í fyrra. Exista hefur undanfarin ár fjármagnað hluta af íslenskum langtímaeignum í öðrum myntum en krónum í ljósi hárra vaxta á Íslandi.

Tekjuskattur var jákvæður um 43,2 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi en hann var neikvæður um 3,4 milljónir á sama tímabili í fyrra, en eins og tilkynnt var í síðustu afkomskýrslu félagsins var leyst upp tekjuskattskuldbinding á fyrsta ársfjórðungi.

Rekstarreikningur - ársfjórðungar

(milljónir evra)	1F 2007	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006
Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur	38,2	24,6	309,0	-95,7	125,0
Veltufjáreignir	110,8	103,8	2,9	1,0	22,0
Arður	5,0	58,3	0,5	0,2	21,0
Vaxtatekjur	18,4	22,8	16,8	9,1	0,2
Vátryggingaiðgjöld	35,2	25,6	35,0	10,5	0,0
Hlutdeildartekjur.....	457,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar tekjur	3,3	2,5	3,7	1,1	0,0
Tekjur	668,0	237,5	368,0	-73,7	168,2
Tjónagjöld	-26,5	-21,8	-28,1	-6,8	0,0
Rekstrarkostnaður	-16,7	-17,6	-23,2	-7,3	-1,6
Gjöld	-43,2	-39,4	-51,2	-14,1	-1,6
Rekstrarhagnaður	624,8	198,0	316,8	-87,9	166,6
Vaxtagjöld	-56,4	-37,7	-26,7	-21,3	-17,4
Gengismunur og verðbætur	29,0	-8,0	20,2	-23,0	-39,1
Hagnaður fyrir skatta	597,5	152,3	310,3	-132,2	110,2
Tekjuskattur	43,2	-4,8	-8,3	6,3	-3,4
Hagnaður tímabilsins	640,7	147,4	302,0	-125,9	106,8

Afkoma starfsþátta

Rekstur Exista byggir á tveimur meginstoðum, sem eru rekstrarstarfsemi og fjárfestingarstarfsemi.

Rekstrarstarfsemi

Rekstrarstarfsemi skilaði 174,0 milljóna evra hagnaði eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi. Undir rekstrarstarfsemi fellur váttryggingarekstur og eignaleigustarfsemi félagsins, auk eigin viðskipta. Eigin viðskipti eru ábyrg fyrir eignastýringu dóttufélaga auk markaðsviðskipta fyrir móðurfélagið

Heildartekjur af rekstrarstarfsemi námu 173,8 milljónum evra, þar af námu váttryggingaiðgjöld 35,2 milljónum evra, vaxtatekjur 17,7 milljónum evra og fjárfestingatekjur 117,6 milljónum evra. Heildargjöld námu 38,9 milljónum evra, þar af nam tjónakostnaður 26,5 milljónum evra og rekstrarkostnaður 12,4 milljónum evra. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 134,9 milljónum evra, en fjármagnsgjöld voru 4,0 milljónir evra. Hagnaður fyrir skatta nam því 130,8 milljónum evra.

Rekstur váttryggingafélaginu VÍS er í samræmi við áætlanir og heldur samsett hlutfall félagsins áfram að lækka. Samsett hlutfall var 110% í fyrsta ársfjórðungi og er stefnt er að því að það fari niður í 100% fyrir árslok 2007. Samstarfssamningur VÍS við If, stærsta skaðatryggingafélag á Norðurlöndum, veitir félaginu jafnframt aukin tækifæri á erlendum mörkuðum. Rekstur eignaleigufyrirtækisins Lýsingar er traustur og var arðsemi eigin fjár á fyrsta ársfjórðungi 29% á ársgrundvelli.

Fjárfestingastarfsemi

Fjárfestingastarfsemi skilaði 466,6 milljóna evra hagnaði á fyrsta ársfjórðungi. Undir fjárfestingastarfsemi falla kjölfestueignir félagsins, þar á meðal Sampo Group, Kaupþing banki og Bakkavör Group, auk fjárfestinga í óskráðum eignum.

Heildar tekjur námu 494,2 milljónum evra á fjórðungnum og heildarkostnaður nam 4,3 milljónum evra. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 489,9 milljónum evra, en fjármagnsgjöld voru 23,3 milljónir evra. Hagnaður starfseminnar fyrir skatta nam því 466,6 milljónum evra.

Afkoma af rekstrar- og fjárfestingastarfsemi

(milljónir evra)	Rekstur	Fjárfestingar	Samtals
Fjárfestingatekjur	117,6	493,4	611,1
Váttryggingaiðgjöld	35,2	0,0	35,2
Vaxtatekjur	17,7	0,7	18,4
Aðrar tekjur	3,2	0,1	3,3
Tekjur	173,8	494,2	668,0
Tjónakostnaður	-26,5	0,0	-26,5
Rekstrarkostnaður	-12,4	-4,3	-16,7
Kostnaður	-38,9	-4,3	-43,2
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað	134,9	489,9	624,8
Fjármagnskostnaður	-4,1	-23,3	-27,3
Hagnaður fyrir skatta	130,8	466,6	597,5
Tekjuskattur	43,2	0,0	43,2
Hagnaður eftir skatta	174,0	466,6	640,7

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir

Heildareignir Exista voru 6.762 milljónir evra hinn 31. mars 2007. Þetta er aukning um 2.367 milljónir evra frá upphafi árs eða um 54%. Þessi aukning skýrist meðal annars af kaupum félagsins á hlut í norræna fjármálaþjónustufyrirtækinu Sampo Group.

Fjáreignir á gangvirði námu um 850 milljónum evra í lok mars. Þetta er samdráttur um 1.423 milljónir evra frá upphafi árs eða um 63%. Þar munar mestu að hlutur félagsins í Kaupþingi banka er nú ekki lengur færður á gangvirði, heldur sem eignarhlutur í hlutdeildarfélagi, eins og vikið verður að hér á eftir. Skráð hlutabréf námu um 645 milljónum evra, sem eru að stærstum hluta bréf í Bakkavör (641 milljón evra.). Óskráð hlutabréf námu um 204 milljónum evra og er stærsti hluti þeirra í Símanum (154 milljónir evra), skráð á upphaflegu kaupvirði.

Veltufjáreignir námu 478 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs og höfðu dregist saman um 359 milljónir evra frá áramótum. Lækkunin skýrist að hluta til af því að hlutabréf í Sampo Group hafa verið færð úr veltueignum yfir í eignarhluti í hlutdeildarfélögum. Stærstur hluti veltufjáreigna, eða 357 milljónir evra, eru skráð hlutabréf, skuldabréf og sjóðir.

Útlán og kröfur námu um 773 milljónum evra í lok mars, sem eru að mestu til komin vegna eignarleigustarfsemi félagsins, en samtals námu fjármögnunarsamningar og lán 603 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs.

Viðskiptavild samstæðunnar var metin á 465 milljónir evra í lok mars og er hún tilkomin vegna kaupa á váttrygginga- og eignaleigustarfsemi félagsins. Viðskiptavild nemur 6,8% af heildareignum.

Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum var metinn á 4.057 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs. Þetta er að langstærstum hluta eignarhlutir samstæðunnar í fjármálaþjónustufyrirtækjunum Sampo Group og Kaupþingi banka. Í reikningnum er bókfært virði þessara eigna 2,4 milljónum evra undir markaðsvirði samkvæmt markaðsgengi 31. mars.

Endurtryggingaeignir námu 16 milljónum evra í lok mars. Rekstrarfjármunir námu 13 milljónum evra og handbært fé nam 88 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs. Aðrar eignir námu 22 milljónum evra.

Skuldir og eigið fé

Heildar skuldir voru 4.119 milljónir evra 31. mars sl. Þetta er aukning um 1.624 milljónir evra frá áramótum. Skuldir Exista greinast í grófum dráttum í lántökur og váttryggingaskuld.

Lántökur námu 3.668 milljónum evra í lok mars, sem er aukning um 1.485 milljónir evra frá áramótum. Af útstandandi lántökum í lok fjórðungsins voru 624 milljónir evra tengdar eignaleigustarfsemi félagsins.

Váttrygginga- og líftryggingaskuld var 279 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs og jókst um 55 milljónir evra frá áramótum.

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nam 21 milljón evra í lok mars, en hún var 60 milljónir evra í upphafi árs.

Eigið fé samstæðunnar var 2.643 milljónir evra 31. mars sl. Þetta er aukning um 743 milljónir evra frá áramótum. Úthlutaður arður fyrir síðastliðið ár nam 124 milljónum evra en nýtt útgefið hlutafé nam 146 milljónum evra.

Hlutdeild minnihluta er tæplega 5 milljónir evra og er því eigið fé hluthafa 2.639 milljónir evra.

Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 39,1% hinn 31. mars 2007. Eiginfjárlutfallið var hins vegar 42,6% ef tekin er út eiganleigustarfsemi félagsins. Lögbundið lágmarks CAD-hlutfall í eignaleigustarfsemi á Íslandi er 8%, en hjá Lýsingu var CAD hlutfall í lok mars 11,7%.

Efnahagsreikningur samstæðu

(milljón evrur)	31. mars 2007	31. des. 2006	Breyting
Eignir			
Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur	849,5	2,272,7	-63%
Veltufjáreignir	478,1	837,0	-43%
Útlán og kröfur	773,5	703,8	10%
Viðskiptavild	464,6	464,8	0%
Hlutdeildarfélag	4.056,8	0	
Endurtryggingaeignir	15,7	15,8	-1%
Rekstrarfjármunir	13,4	12,2	9%
Handbært fé	88,4	76,1	16%
Aðrar eignir	22,2	12,6	76%
Eignir samtals	6.762,2	4.395,1	54%
Eigið fé			
Hlutafé	120,6	112,3	7%
Lögbundinn varasjóður	22,8	22,8	0%
Yfirverðsreikningur hlutafjár	892,7	697,9	28%
Þýðingarmunur	24,4	-	
Óráðstafað eigið fé	1.578,3	1,061,3	49%
Eigið fé hluthafa móðurfélags	2.638,8	1.894,3	39%
Hlutdeild minnihluta.....	4,6	5,9	-22%
Eigið fé samtals.....	2.643,4	1.900,2	39%
Skuldir			
Lántaka	3.668,3	2,183,0	68%
Vátrygginga- og líftryggingaskuld	278,8	223,9	25%
Tekjuskattsskuldbinding	21,1	60,2	-65%
Aðrar skuldir	150,6	27,8	442%
Skuldir samtals	4.118,9	2.494,9	65%
Eigið fé og skuldir samtals	6.762,2	4.395,1	54%

Helstu atburðir á fyrsta ársfjórðungi 2007

Kaup á 15,6% hlut í Sampo Group

Á fjórðungnum tilkynnti Exista að félagið hefði tryggt sér 90.118.408 A-hluti í Sampo Group í Finnlandi. Eftir hlutafjárþækkun Sampo í febrúar nemur hlutur Exista 15,6% af heildarhlutafé félagsins. Eftir kaupin er Exista stærsti hluthafinn í Sampo Group, en næst koma finnska ríkið með 13,7% hlut og lífeyrissjóðafyrirtækið Varma með 8,5% hlut.

Sampo Group er fjármálaþjónustufyrirtæki sem starfar á sviði vátrygginga og fjárfestinga. Innan samstæðunnar eru meðal annars If, stærsta skaðatryggingafélag á Norðurlöndum, og líftryggingafélagið Sampo Life. Auk þess er Sampo umsvifamikill fjárfestir á norrænum markaði.

Kaup á hlutum í Sampo voru fjármögnuð með lánsamningum, útgáfu nýrra hluta, eigin bréfum og reiðufé. Kaup Exista voru formlega samþykkt af finnska tryggingaeftirlitinu 5. apríl síðastliðinn. Á aðalfundi Sampo 12. apríl lét Exista bóka stuðning félagsins við kjör núverandi stjórnar Sampo.

Ákvarðanir aðalfundar Exista 14. mars

Aðalfundur Exista 2007 var haldinn 14. mars, þar sem samþykkt var tillaga um að hluthöfum verði greiddur 100% arður af nafnvirði hlutafjár, eða sem nemur rösklega 10,8 milljörðum króna. Arðgreiðslan nemur 29% af hagnaði félagsins eftir skatta fyrir árið 2006. Arðurinn verður greiddur 30. apríl næstkomandi í samræmi við hluthafalista við lok aðalfundardags.

Á fundinum var jafnframt samþykkt að veita stjórn félagsins heimild til að ákveða útgáfu hlutafjár félagsins í evrum í stað íslenskra króna, telji stjórnin slíkt fýsilegt. Auk þess var samþykkt breyting á samþykktum félagsins sem heimilar stjórn útgáfu á nýjum hlutum sem nemur allt að 3,6 milljörðum króna að nafnvirði.

Á aðalfundi voru eftirtaldir kjörnir í stjórn félagsins til eins árs:

- Ágúst Guðmundsson, Bretlandi
- Bogi Óskar Pálsson, Íslandi
- Guðmundur Hauksson, Íslandi
- Lýður Guðmundsson, Bretlandi
- Roberts Tchenguiz, Bretlandi
- Sigurjón Rúnar Rafnsson, Íslandi

Breytingar á reikningsskilaaðferð félagsins

Eins og fram kom í afkomuskýrslu Exista vegna afkomu ársins 2006 tók stjórn félagsins ákvörðun um að breyta reikningsskilum hvað varðar eignahluti í kjölfestueignum frá og með 1. janúar 2007. Hlutdeildaraðferð er nú beitt á kjölfestueignir félagsins í fjármálaþjónustum, þ.e.a.s í Sampo Oyj (15,6%) og í Kaupþingi banka (23,0%).

Fyrir breytingu voru allar kjölfestueignir félagsins metnar á gangvirði og verður svo áfram um kölfestueignir í fyrirtækjum sem ekki eru í fjármálaþjónustu, svo sem Bakkavör Group (39,6%), sem er metið á markaðsvirði, og Símanum (43,6%), sem er metinn á upphaflegu kaupverði.

Fyrirgreindar breytingar eru gerðar til að leggja áherslu á fjármálaþjónustu sem kjarnastarfsemi félagsins. Kjölfestueignir Exista í fjármálaþjónustum eru til langs tíma. Við ársfjórðungslegt endurmat á gangvirði langtímaeigna geta skammtímasveiflur á markaði haft umtalsverð áhrif á bókfærða rekstrarafkomu í einstökum fjórðungum. Með því að bókfæra hlutdeild í hagnaði langtíma kjölfestueigna ættu sveiflur að minnka og stöðugleiki í rekstrartekjum félagsins að aukast.

Í afkomuskýrslu Exista vegna reikninga fyrir árið 2006 kom jafnframt fram að félagið hefði óskað eftir heimild til að gera upp reikninga félagsins í evrum. Umsókn þess efnis var send til Ársreikningaskrár fyrir 1. nóvember 2006. Starfsvæði Exista er Norður-Evrópa og eru meirihluti tekna og gjalda félagsins í öðrum myntum en íslenskum krónum, einkum í evru. Auk þess eru vaxtataækifæri félagsins að mestu leyti utan Íslands, bæði á rekstrar- og fjárfestingarsviði. Vægi evrunnar eykst enn frekar á tekjuhlíð samstæðunnar nú þegar félagið færir hlutdeild í afkomu kjölfestueigna í fjármálaþjónustu. Á skuldahlíð fer fjármögnun félagsins að mestu leyti fram í evrum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Uppgjör í evrum ætti því að draga verulega úr gengismisræmi í tekjum og skuldum. Heimild til að færa reikninga félagsins í evrum liggur nú fyrir og hefur stjórn Exista ákveðið að nýta hana frá og með uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2007.

Skráning nýs hlutafjár

Nýir hlutir í Exista að nafnverði kr. 522.346.339 voru skráðir á Aðallista OMX Nordic Exchange á Íslandi 13. apríl sl. Hinir nýju hlutir svara til 4,6% heildarhlutafjár í Exista eftir hækkun. Heildarhlutafélagins eftir hlutafjárhækkun er 11.361.092.458 krónur sem skiptist í jafnmarga hluti að nafnverði 1 króna hver. Aðeins er skráður einn flokkur hluta í Exista og eru hinir nýju hlutir í sama flokki og njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í félaginu.

Fjármögnun félagsins

Fjármögnun samstæðunnar hefur gengið vel það sem af er ári. Félagið hefur á undanförunum mánuðum staðið að umfangsmiklu kynningarstarfi gagnvart alþjóðlegum lánastofnunum og styrkt samstarf sitt við banka og fjármálafyrirtæki. Viðtökur hafa verið jákvæðar og nýtur félagið þar m.a. góðs af traustum rekstrareiningum og öflugum kjölfestueignum.

Á fyrsta ársfjórðungi nam fjármögnun félagsins 1.677 milljónum evra sem var að hluta til nýtt til endurfjármögnunar á útistandandi skuldum. Af þeirri fjárhæð var um 2/3 hlutar sóttir á alþjóðlega fjármagnsmarkaði. Vel hefur gengið að auka líftíma skulda félagsins enda áhersla lögð á fjármögnun til þriggja ára eða lengri tíma. Aðgangur Exista að lánsfjármagni er því góður og lausafjárstaða félagsins er sterk.

Horfur fyrir árið 2007

Að mati stjórnenda Exista er rekstur félagsins traustur og hefur náðst góður árangur við að efla og auka tekjustoðir félagsins. Breytingar á reikningsskilum hvað varðar uppgjörsmýnt og kjölfestueignir í kjarnastarfsemi ættu að stuðla að meiri stöðugleika og minni sveiflum í tekjum samstæðunnar í framtíðinni.

Aðgerðir til að auka og bæta reksturinn á sviði váttrygginga hafa gengið samkvæmt áætlun. Þrátt fyrir nokkur óvenjulega þung tjón það sem af er ári er enn stefnt að því á ná samsettu hlutfalli undir 100% fyrir árslok. Rekstur eignaleigustarfsemi hefur verið traustur og horfur eru jákvæðar.

Almennt er gert er ráð fyrir góðri afkomu hjá stærstu kjölfestueignum samstæðunnar á þessu ári, bæði hjá fyrirtækjum í fjármálaþjónustu og öðrum greinum. Rekstur félagsins það sem af er ári er í samræmi við arðsemismarkmið.

Rétt er að vekja athygli á því að afkoma Exista hf. er háð óvissu og sveiflum sem ekki eru á valdi félagsins, svo sem vegna þróunar fjármálamarkaða og verðþróunar eigna.

Önnur mál

Samþykki stjórnar og áritun endurskoðenda

Stjórn Exista samþykkti árslutareikning félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 á stjórnarfundi sem haldinn var á skrifstofu félagsins í Lundúnum í dag, 26. apríl 2007. Árslutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, Deloitte hf.

Kynning á uppgjörinu

Föstudaginn 27. apríl fer fram kynning á uppgjöri fyrsta ársfjórðungs Exista 2007 þar sem stjórnendur félagsins munu greina frá reikningnum og svara fyrirspurnum. Kynningarfundurinn fer fram í Garrick Room, Barbican Centre, Silk Street, London EC2Y 8DS og hefst stundvíslega kl. 8:30 að íslenskum tíma (kl. 9:30 að breskum tíma). Fundurinn fer fram á ensku og er hann opinn hluthöfum og markaðsaðilum.

Kynningarfundinum verður varpað í beinni útsendingu á vef félagsins www.exista.com og hefst netvarpið kl 8:30. Jafnframt er hægt að taka þátt í fundinum símleiðis og leggja fram spurningar í síma +44 (0) 208 817 9301 (breskt númer).

Eftir fundinn verður hægt að nálgast kynningarefni og upptöku frá fundinum á heimasíðu Exista, www.exista.com.

Fjárhagsdagatal fyrir árið 2007

Birtingardagar næstu uppgjöra Exista á árinu 2007 eru þessir:

- Annar ársfjórðungur: 26. júlí 2007
- Þriðji ársfjórðungur: 25. október 2007
- Fjórði ársfjórðungur og ársreikningur 2007: 31. janúar 2008

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar um uppgjörið veitir Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, í síma 550 8620 og 860 8620.



Um Exista

Exista hf. starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum váttrygginga og eignaleigu, meðal annars undir merkjum VÍS, Lífis og Lýsingar. Exista er jafnframt alþjóðlegur fjárfestir og meðal annars kjölfestueigandi í Sampo Group, Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til uppbyggingar á starfsemi sinni hér á landi og erlendis.